

OYSTER PERPETUAL LADY-DATEJUST PEARLMASTER



ROLEX



MICHELSSEN

ÚRSMÍÐIR SÍÐAN 1909

Laugavegur 15 - 101 Reykjavík  
511 1900 - www.sviss.is

# MARKAÐURINN

Miðvikudagur 25. september 2013 | 9. árgangur

Sími: 512 5000 | [visir](http://www.visir.is) www.visir.is

VIÐ KOMUM  
VIÐA VIÐ!



Guðjón Ó  
VISTVÆNA PRENTSMÍÐJAN



## ÓVISSA UM UPPSKERU Á RÁÐSTEFNU

- Ísland var kynnt sem fjárfestingarkostur á ráðstefnu í Lundúnum.
- Fjárfestar eiga að reikna með krónunni áfram segir forsætisráðherra.
- Næstu fjárlög ráða miklu um möguleikana á afnámi gjaldeyrishafta.

SÍÐA 4

## Spáir óbreyttum stýrivöxtum

Hagfræðideild Landsbankans spáir að peningastefnunefnd Seðlabankans muni á næsta vaxtaákvörðunarfundi sínum ákveða að halda stýrivöxtum óbreyttum. Nefndin fundar 2. október næstkomandi.

Í Hagsjá Landsbankans, sem birt var í gær, segir að helstu óvissuþættirnir séu fölgirnir í þróun verðbólgu, niðurstöðum komandi kjarasamninga og áformum ríkisstjórnarinnar í fjármálum ríkisins.

Fjárlagafrumvarp ríkisstjórnarinnar verður lagt fram í byrjun október og telur hagfræðideildin að Seðlabankinn verði ekki búinn að mynda sér skoðun á áhrifum frumvarpsins á verðbólguþróun fyrir ákvörðunarfundinn.

## Nýr framkvæmdastjóri hjá SAF

Helga Árnadóttir hefur verið ráðin framkvæmdastjóri Samtaka ferðaþjónustunnar (SAF). Hún tekur við starfinu af Ernu Hauksdóttur 1. desember næstkomandi. Erna hefur gegnt starfi framkvæmdastjóra frá stofnun samtakanna árið 1998.

Í fréttatilkynningu sem samtökin sendu frá sér vegna ráðningarinnar segir að Helga sé viðskiptafræðingur með MS-próf í fjármálum. Hún starfaði áður sem framkvæmdastjóri VR og í ýmsum stjórnunarstöðum hjá Icelandair.



HELGA ÁRNADÓTTIR

## Nýir iPhone-símar rjúka út

Apple hefur upplýst að á fyrstu þremur söluþögum hafi selst níu milljónir eintaka af nýjustu útgáfu iPhone 5 snjallsímans (5s og 5c). Salan er meiri en þegar iPhone 5 kom út á síðasta ári, en um „opunarhelgi“ þess síma seldust fimm milljónir eintaka. Viðtökur eru sagðar endurspegla viðvarandi aðdráttarafl iPhone-símanna, en frumgerð hans leit dagsins ljós fyrir sex árum. Spár höfðu gert ráð fyrir sölu sex til átta milljóna eintaka fyrstu söluhelgi nýju símanna. Þrátt fyrir viðtökur hefur gengi hlutabréfa Apple ekki tekið við sér á ný, en það er heldur undir sölugenginu 10. þessa mánaðar, áður en nýju símarnir voru kynntir.

FRETTABÍL/ÓKA

## Getum við bætt reksturinn?

Advania hefur þróað fjölda snjallausna fyrir atvinnulífið sem styðjast við Android, Apple iOS og Windows stýrikerfin. Við færum fyrirtækjum ávinning af hagnýtingu snjalltækja.



Starfsmenn snjallausna Advania eru til þjónustu reiðubúnir í síma 440 9000. Nánari upplýsingar má finna á [www.advania.is/app](http://www.advania.is/app)


advania  
Welcome to IT

Fróðleiksmolinn




Þróun eiginfjárstöðu einstaklinga fyrir og eftir hrun

Hagstofa Íslands tekur saman gögn um eiginfjárstöðu einstaklinga eftir aldri, fjölskyldugerð og búsetu. Myndin hér að neðan sýnir þróun eiginfjárstöðu í milljörðum króna eftir tilteknum aldurshópum frá 25 ára og upp í 49 ára á tímabilinu 2005-2012. Eigið fé alls er skilgreint sem heildareignir að frádregnum heildarskuldum einstaklinga í þessum aldurshópum. Tölur eru á verðlagi hvers árs. Eiginfjárstaða allra aldurshópa hefur lækkað frá 2005 á breytilegu verðlagi. Frá 2010 hefur eiginfjárstaðan almennt batnað en tveir aldurshópar, 25-29 ára og 30-34, eru með neikvæða eiginfjárstöðu í lok árs 2012.



Myndin hér að neðan sýnir þróun eiginfjárstöðu í milljörðum króna hjá eldri hópum eða 50 ára og eldri. Eðli máls samkvæmt er eiginfjárstaða eldri kynslóða meiri en yngri kynslóða. Eins og sést á þessari mynd er eiginfjárstaðan best hjá 67 ára eldri en sá hópur er hvað stærstur skv. aldurshópaskiptingu hjá Hagstofunni. Eiginfjárstaða eldri aldurshópa breyttist hlutfallslega minna í kjölfar hrunsins. Líkleg skýring á því er að skuldir skuldsettar yngri kynslóða hækkuðu (t.d. verðtryggt íbúðalán) í verðbólguárinu eftir hrun á sama tíma átti eignalækkun sér stað hjá öllum aldurshópum.



Dagatal viðskiptalífsins



- Miðvikudagur 25. september**  
→ Vinnumarkaðsrannsókn í ágúst
- Fimmtudagur 26. september**  
→ Vísitala neysluverðs í september
- Föstudagur 27. september**  
→ Nýskráningar og gjaldprot hlutafélaga og einkahlutafélaga í ágúst 2013  
→ Vísitala framleiðsluverðs í ágúst
- Mánudagur 30. september**  
→ Vöruskipti við útlönd janúar-ágúst 2013

- Miðvikudagur 2. október**  
→ Fasteignamarkaðurinn í mánuðum eftir landshlutum
- Vaxtaákvörðunardagur Seðlabanka Íslands**
- Föstudagur 4. október**  
→ Vöruskipti við útlönd í september 2013  
→ Gistinætur og gestakomur á hótélum í ágúst 2013  
→ Útboð ríkisbréfa

Allar markaðsupplýsingar eru aðgengilegar á vísir

Landsbankinn segist ætla að auka sjálfvirkni með breytingum á útibúi:

Peningalaust útibú í Vesturbæ

Landsbankinn ætlar í nóvember að breyta útibúi bankans í Vesturbæ Reykjavíkur þannig að það mun ekki sýsla með reiðufé og þar verða engar gjaldkerastúkur.

„Í útibúinu verður einnig ný gerð hraðbanka sem taka við reiðufé. Með þeim verður meðal annars hægt að greiða reikninga,“ segir Kristján Kristjánsson, upplýsinga-fulltrúi Landsbankans.

Starfsfólk útibúsins mun að sögn Kristjáns ekki sitja við eitt tiltekið

borð heldur þar sem hentar hverju sinni og eyða meiri tíma úti á gólfi bankans. „Vegna þess tíma- og vinnusparnaðar sem felst í því að sjálfvirknivæða ýmsa einfaldari þjónustu á starfsfólk bankans að geta sinnt betur þeim viðskiptavinum sem þurfa ítarlegri fjármálaráðgjöf.“

Að sögn Kristjáns hefur ekki verið tekin ákvörðun um hvort farið verði í svipaðar breytingar í öðrum útibúum Landsbankans.



**BREYTA ÚTIBÚINU** Sérfræðingar frá Nordea hafa gefið starfsmönnum Landsbankans ráðleggingar varðandi breytingarnar. FRÉTTABLAÐIÐ/VALGARÐUR

Hafa áhyggjur af fyrirtækjaflóttu

Sex tækni- og hugverkafyrirtæki hafa síðustu ár flutt úr landi eða hætt starfsemi. Samtök iðnaðarins hafa áhyggjur af stöðunni.

ÍÐNAÐUR

Haraldur Guðmundsson | haraldur@frettabladid.is

Sex innlend tækni- og hugverkafyrirtæki hafa flutt úr landi eða hætt starfsemi á þeim fimm árum sem liðin eru frá íslenska efnahagshruninu. Að auki hafa sjö fyrirtæki úr greininni verið seld eða flutt höfuðstöðvar sínar til útlanda, þótt þau í flestum tilvikum reki áfram starfsemi hér á landi. Hluti stjórnenda fimm fyrirtækja til viðbótar býr erlendis þar sem starfsemi þeirra fer að einhverju leyti fram.

„Við höfum miklar áhyggjur af stöðunni,“ segir Davíð Lúðvíksson, forstöðumaður stefnumótunar og nýsköpunar hjá Samtökum iðnaðarins.

Davíð segir gjaldeyrishöftin og fjárfestingarleið Seðlabankans, sem virkar þannig að einstaklingar og fyrirtæki geta komið með erlendan gjaldeyri til landsins og fengið afslátt af íslenskum krónum, vera áhrifavalda í þróun síðustu ára. „Fyrirtæki sem eru að auka starfsemi sína á alþjóðlegum vettvangi þurfa til þess aukið fjármagn og hlutafé. Í rauninni má segja að hlutabréf þessara fyrirtækja séu á útsölu því krónan er svo lágt skrifuð og þar að auki fá menn krónurnar á enn lægra verði í gegnum fjárfestingarleiðina. Því er oft forsenda fyrir því að nýir aðilar komi að fyrirtækj-



**FRUMKVÖDLAR** Fulltrúar fjölmargra tækni- og hugverkafyrirtækja voru samankomnir á Startup Reykjavík 2013.

unum, að höfuðstöðvar þeirra séu færðar út úr íslensku lögsögu, vegna viðskiptaumhverfisins hér á landi. Mönnum er því stillt upp við vegg,“ segir Davíð.

Hann segir þó að flest þeirra fyrirtækja sem flutt hafa höfuðstöðvar sínar til útlanda kjósi að halda þróunarstarfi áfram hér á landi. Ástæðan sé sú að þróunarumhverfið hér sé að mörgu leyti gott. „Það helgast af því að það er ákveðinn grunnur í starfsfólkinu og okkur hefur tekist að lagfæra ýmislegt í starfsskilyrðum fyrirtækjanna. Tækniþróunarsjóðurinn var eflur eftir hrun, þótt nú séu blíkur á lofti með hann í ljósi niðurskurðar í fjárlögum, og það tókst að koma á endurgreiðslum rannsókn- og þróunarkostnaðar

í tengslum við skattkerfið, sem hefur skipt sköpum.“

Davíð undirstrikar einnig að greinin hafi misst lykilmann úr samtökum og stjórnun tækni- og hugverkafyrirtækja. Til marks um það segist hann auðveldlega geta nefnt tíu einstaklinga sem séu nú farnir af landi brott en hafi áður lagt verulegan skerf til þróunar greinarinnar hér á landi. „Í mörgum tilfellum hefur þetta fólk starfað hjá þessum fyrirtækjum sem um ræðir og aðstæður þeirra því breyst. Einnig er spurning hvort hér ríki ákveðið þreytuástand þar sem fólk er búð að berjast í bökkum frá hruni. Fáar greinar hafa komið betur út úr hruninu en það hefur farið mikil vinna og orka í að ná þeim árangri.“



ER ÞITT FYRIRTÆKI MEÐ SAMNING?

Fyrirtæki sem eru með samning við Icelandair njóta þess í hagkvæmari rekstri, betri tímanýtingu og ánægðara starfsfólki.

- Hlunnindi sem fyrirtækjasamningur veitir:**
  - Sérstakur ferðaráðgjafi hefur umsjón með hverju fyrirtæki.
  - Neyðarnúmer sem er opið allan sólarhringinn – alla daga ársins.
  - Afsláttur sem Icelandair býður er veittur af fargjöldum á því farrými sem fyrirtæki óska hverju sinni.
  - Nákvæmt viðskiptayfirlit á vefnum.

+ Allar nánari upplýsingar á [www.icelandair.is/fyrirtaeki](http://www.icelandair.is/fyrirtaeki) eða sendið fyrirspurnir á [fyrirtaeki@icelandair.is](mailto:fyrirtaeki@icelandair.is)





# SKÖRÞ SÝN SKILAR ÁRANGRI

## VÖNDUÐ EIGNASTÝRING STJÓRNAST AF MARKMIÐUM VIÐSKIPTAVINARINS

Einkabankþjónusta Arion banka veitir einstaklingum, fyrirtækjum, sjóðum og stofnunum víðtæka fjármálaþjónustu sem sniðin er að þörfum hvers og eins.

- ▶ Þinn eigin viðskiptastjóri sem mótar með þér fjárfestingarstefnu og sér um þitt eignasafn.
- ▶ Sterk tengsl við viðskiptastjóra með símtölum, tölvupósti og reglulegum fundum.
- ▶ Ítarlegt yfirlit um stöðu og ávöxtun á þriggja mánaða fresti.
- ▶ Öll almenn bankþjónusta á hagstæðum kjörum.

Pantaðu viðtal við viðskiptastjóra í 444 7410 eða sendu póst á [einkabankathjonusta@arionbanki.is](mailto:einkabankathjonusta@arionbanki.is) og komdu þínum fjármálum í hagstæðari farveg.

ARION EINKABANKAÞJÓNUSTA

 Arion banki

# Óvíst um uppskeru í óvissuástandi

Ísland var kynnt sem fjárfestingarkostur á ráðstefnunni Iceland Investment 2013 sem haldin var í Lundúnum fyrir helgi. Nokkurrar spennu gætti um hvernig til tækist. Ný ríkisstjórn segist bera hag fjárfesta fyrir brjósti.

## EFNAHAGSMÁL

Óli Kristján Ármannsson | olikr@frettabladid.is

„Ráðstefna eins og þessi er tímabær. Tími er kominn til þess að tala um framtíðina líka, ekki bara hvað við getum lært af hrúninu,“ sagði Höskuldur Ólafsson, forstjóri Arion banka, í spjalli við blaðamann við upphaf ráðstefnunnar Iceland Investment Forum 2013, sem fram fór á Waldorf Hilton hótelinu í miðborg Lundúna síðastliðinn fimmtudag.

Ráðstefnan var í umsjá Mergermarket Group með þátttöku Arion banka, Íslandsstofu, Carbon Recycling og lögfræðistofunnar Logos. Umfjöllunarefnið var fjárfestingar- og efnahagssumhverfið á Íslandi í dag og tilgangurinn að kynna erlendum fjárfestum landið sem fjárfestingarkost. Hér hefur erlend fjárfesting verið í sögulegu lágmarki frá hrúni, enda landið í viðjum gjaldeyrishafta og sér ekki enn fyrir endann á óvissuþáttum í efnahagslífinu.

## ÁNÆGJA MED MÆTINGUNA

Skipuleggjendur ráðstefnunnar virtust ánægðir með þátttökuna, en á staðinn komu um 150 af þeim ríflega 170 sem skráðir voru til leiks. Þar af var reyndar um helmingurinn Íslendingar.

Erlendu gestirnir skiptust svo í nokkra hópa. Þar mátti sjá fulltrúa erlendra fjölmíðla, fulltrúa fjármála- og fyrirtækja sem þegar eiga fjármuni fasta í landinu og hafa af þeim sökum áhuga á framvindu mála á Íslandi og svo einhverja fjárfesta.

Mögulega hafa gestirnir sem raunverulegan áhuga höfðu á íslensku fjárfestingarumhverfi náð eitthvað á annan tuginn. Af spjalli við full-

trúa íslensks viðskiptalífs á staðnum mátti ráða að það þætti bara nokkuð gott. Dæmi væru um að blásið hefði verið til viðlíka kynninga áður án þess að nokkur sýndi því raunverulegan áhuga. Í ljósi þessa er skiljanlegur spennur sem greina mátti meðal íslenskra gesta um hvernig til tækist. Í ráðstefnulok virtust menn anda léttar.

Þá var talinn hliðarávinningur í kynningunni og umræðunni sem viðburðurinn gat af sér. Sigmundur Davíð Gunnlaugsson forsætisráðherra var gestur á ráðstefnunni og frummælandi. Gestir fylgdust náttúrulega grannt með ræðu hans en til viðbótar var hann svo bókaður í um 20 viðtöl í erlendum miðlum í tengslum við viðburðinn. Skilaboð stjórnvalda náðu því vel út fyrir veggi ráðstefnunnar.

## BJARTUR TÓN Í FRAMSÖGUM

Þórður Hilmarsson, forstöðumaður fjárfestingasviðs Íslandsstofu, var líka vongóður um góðan árangur í upphafi ráðstefnunnar. „Núna er einmitt rétti tíminn til að keyra þetta í gang,“ sagði hann og bætti við að opna þyrfti augu fjárfesta fyrir því að efnahagslífið væri að taka við sér og möguleikar að opnast á Íslandi. „Og frábært að fá forsætisráðherrann til að koma og færa fjárfestum þessi skilaboð – vonandi,“ sagði Þórður glettinn skömmu áður en Sigmundur Davíð átti að stíga í pontu og gestir voru enn að tínast í hús.

Þótt tóninn væri bjartur í framsögum margra frummælanda á Iceland Investment Forum, svo sem hjá forsætisráðherra, er ljóst að óvissuþættir sem fæla frá erlenda fjárfesta eru enn til staðar. Þá hefur blaðið heimildir fyrir því að þótt gjaldeyrishöft eigi ekki að ná til nýfjárfestinga



á Íslandi virðist þau skilaboð ekki ná alla leið.

Þannig ráðleggi lögfræðideild stórs norræns banka fjárfestum alfarið frá fjárfestingu á Íslandi á meðan höft séu við lýði.

## KÁLÍÐ ER EKKI SOPIÐ

Afnám gjaldeyrishafta sagði Ásdís Kristjánsdóttir, yfirmáður greiningardeildar Arion banka, í erindi sínu „Timburmenn fjármálakreppunnar“, að væri stærsta verkefnið sem fram undan væri í íslensku efnahagslífi. „Efnahagslífið er á hægum, en um leið brothættum, batavegi,“ sagði hún. Eftir því sem lengra liði yrði æ flóknara að losa landið úr viðjum haftanna.

Sturla Pálsson, framkvæmdastjóri markaðsviðskipta og fjárfstýringar Seðlabanka Íslands, sagði líka að þar á bæ hlökkðu menn til þess að sjá fjárlagafrumvarp ríkisstjórnarinnar um næstu mánaðamót. Frumvarpið væri eitt af þeim mikilvægustu sem lögð yrðu fram. „Eigi markmið að nást um að aflétta gjaldeyrishöftum er agi í ríkisfjármálum lykilatriði,“ sagði Sturla.

Líklegt má því teljast að útlendingar sem hug hafa á að láta reyna á tækifæri tengd fjárfestingum á Íslandi hinkri eftir næstu fréttum af framgöngu efnahagslífsins áður en tekið er stökkið inn fyrir múra gjaldeyrishaftanna.

**RÆTT VID RÁÐSTEFNUGESTI**  
Áður er ráðstefnan hófst í Lundúnum síðastliðinn fimmtudag gaf Sigmundur Davíð Gunnlaugsson forsætisráðherra sér tíma til að spjalla við gesti ráðstefnunnar. Dagskrá hans fram eftir degi var svo þétt skipuð viðtölum við erlenda fréttamiðla.

MYND/MERGERMARKET



**PALLBORÐSUMRÆÐUR** Guðmundur J. Oddsson frá Logos, Orri Hauksson, framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins, Höskuldur H. Ólafsson, forstjóri Arion banka, og Catherine Ford, ráðstefnustjóri Mergermarket, velta fyrir sér fjárfestingarumhverfi á Íslandi.

MYND/MERGERMARKET



**STAÐAN RÆDD** Höskuldur H. Ólafsson, forstjóri Arion banka, og Sturla Pálsson, framkvæmdastjóri fjárfstýringar Seðlabankans, fóru yfir stöðuna við upphaf ráðstefnunnar á Waldorf Hilton hótelinu.

FRÉTTABLAÐIÐ/ÓKA



**Í HÁDEGISHLEI** Páll Harðarson, forstjóri Kauphallarinnar, var með erindi á ráðstefnu Mergermarket. Hann ræðir hér við Þorstein Pálsson, stjórnarformann MP banka.

FRÉTTABLAÐIÐ/ÓKA

## SEGIR LANDIÐ KOMIÐ Á BEINU BRAUTINA

Skilaboðin frá Sigmundi Davíð Gunnlaugssyni forsætisráðherra í framsögu hans voru á þá leið að Ísland væri að komast á beinu brautina með auknum stöðugleika eftir umrótaskeið. Komin væri til valda ríkisstjórn sem legði áherslu á að ýta undir fjárfestingu og vöxt.

„Ég tel landið á ákveðnum tímamótum. Í síðustu kosningum fengu þeir tveir flokkar ríflegan meirihluta sem deila sýn á það hvernig ýta eigi undir fjárfestingu á Íslandi og laða að fjárfestingu. Samstarf þessara mið- og hægri flokka hefur langa sögu í íslenskum stjórnmálum og hefur gott orðspor við að auka hagvöxt, draga úr opinberri skuldsetningu og halda í reiðu fjármálum ríkisins.“

Um leið var Sigmundur með mjög ákveðin skilaboð til fjárfesta um að íslenska krónan væri sá gjaldmiðill sem ráðandi yrði í viðskiptum á Íslandi um fyrirsjáanlega framtíð. „Ríkisstjórnin hefur trú á íslensku krónunni og er staðföst í að viðhafa heilbrigða stjórn efnahagsmála sem styður við grundvöll hennar,“ sagði Sigmundur Davíð. „Ég er líka viss um að

íslenska krónan á eftir að endurheimta fyrri styrk,“ bætti hann við.

Um leið áréttaði Sigmundur Davíð að ríkisstjórnin héldi áfram vinnu við afnám gjaldeyrishaftanna sem komið hafi verið á með neyðarlögunum 2008. „Þótt höft hafi verið nauðsynleg á sínum tíma eru áhrifin til lengri tíma skaðleg. Þau brengla eignaverð, koma óorði á gjaldmiðilinn, torvelða fjárfestingu og draga úr samkeppnishæfni okkar.“ Um leið sagði forsætisráðherra þó mikilvægt að hafa í huga að gjaldeyrishöftin næðu ekki til nýfjárfestinga á Íslandi.

Forsætisráðherra sagði stjórnina líka leggja ríka áherslu á gott samstarf við Evrópu þótt hlé hefði verið gert á aðildarviðræðum við ESB. „Ríkisstjórnin leggur líka áherslu á bætt samskipti við Bandaríkin,“ sagði hann, auk þess sem áhersla væri lögð á tvíhliða fríverslunarsamninga við önnur ríki, svo sem samninginn við Kína sem lagður verður fyrir Alþingi í næsta mánuði.

Sigmundur Davíð byrjaði ræðu sína á dálítið þungum nótum með því að fara

yfir þau verkefni sem fram undan væru. Skuldaleiðrétting á næsta leiti væri hluti af heildrænni nálgun ríkisstjórnarinnar á að rétta við efnahagslífið. Fjárhagur fjölskyldnanna væri undirstaða heilbrigðs efnahagslífs og skuldavandavinnan væri vel á veg komin.

Hann endaði hins vegar ræðu sína á léttu nótonum og sagði ljóst að framtíðin væri björt á Íslandi. Hér væru undirstöður góðar, vinnumarkaður sveigjanlegur, náttúruauðlindir ríkulegar og landgæði slík að sífellt löðuðu fleiri ferðamenn til landsins. „Helstu skilaboð mín til ykkar í dag eru eftirfarandi: Ríkisstjórn mín áttar sig á því að öflugt viðskiptalíf og iðnaður eru undirstaða vaxtar og velferðar,“ sagði Sigmundur Davíð og kvað stjórnvöld vilja vinna að viðskiptaumhverfi sem væri hagnæmt þörfum fjárfesta. „Takk aftur fyrir að bjóða mér á Iceland Investment Forum. Vonandi sé ég ykkur og peningana ykkar á Íslandi,“ gantaðist forsætisráðherra að lokum og fékk ágætar viðtökur við brandaranum, hlátur og lófaklapp.



**Í PONTU** Sigmundur Davíð Gunnlaugsson forsætisráðherra sagði í ræðu sinni á Iceland Investment Forum 2013 í Lundúnum fyrir helgi að nú sæi fyrir endann á pólitísku umröti sem varð á Íslandi í kjölfar hrunsins.

MYND/MERGERMARKET

Egill  
Arnason™

Wenge Elegance  
ásamt 160 öðrum tegundir í boði

# Baltic Wood

EITT MEST SELDA VIÐARPARKETIÐ Á ÍSLANDI Í DAG

NÝJUNG

+35%

## 35% Sterkara lakk

Nú er lakkið frá Baltic Wood 35% sterkara en áður og jafnframt með sterkasta lakki sem þekktist fyrir viðargólf í dag.

Sterkt lakk tryggir betri endingu og minna viðhald.

## 30 ára ábyrgð

Öllu Baltic Wood parketi fylgir 30 ára verksmiðjuábyrgð.

## Viðarlæsing

Einstök viðarlæsing með stórrí smellu er eitt af einkennum hágæða gólfefna.

™  
Baltic Wood

# Vinnan á að vera skemmtileg

Rakel Sveinsdóttir hefur undanfarið ár rekið nýsköpunarfyrirtækið Spyr. Hún segir starfið eiga vel við sig þar sem hún sé fréttá- og þjóðfélagsumræðufíkill. Rakel segist vera mikill bókaormur sem að komi sér vel á ferðalögum þegar aðrir úr fjölskyldunni vilji stunda útivist.

## SVIPMYND

Haraldur Guðmundsson | haraldur@frettabladid.is

Rakel Sveinsdóttir, framkvæmdastjóri nýsköpunarfyrirtækisins Spyr, er þessa dagana að flytja fyrirtæki sitt í frumkvöðlasetrið á Eiðistorgi. Fyrirtækið, sem er að hennar sögn mitt á milli þess að vera fjölmiðill og samfélagsmiðill, hefur í um ár boðið notendum spyr.is upp á að senda inn spurningar sem starfsfólk vefsins leitar svara við og deilir með lesendum síðunnar.

„Ég var áður framkvæmdastjóri hjá Creditinfo og þegar ég kvaddi fyrirtækið vorið 2011 vissi ég að það væru spennandi og skemmtilegir tímar fram undan og sú varð raunin,“ segir Rakel og bætir því við að hún hafi alla tíð unnið við skemmtileg störf. „Vinnan á að vera skemmtileg og ég hef verið einstaklega lánsöm í þeim efnum.“

Rakel lærði framleiðslu- og rekstrarstjórnun fyrir sjónvarp í Los Angeles á árunum 1991-1992. Hennar fyrsta alvöru starf var sem sölustjóri á Morgunblaðinu. „Þar var ég til þrítugs þegar ég réð mig sem auglýsingastjóra Norðurljósa og þar á eftir rak ég talsetningarfyrirtækið Hljóðsetningu,“ segir Rakel.

Sumarið 2005 tók hún við starfi framkvæmdastjóra Fjölmíðlavaktarinnar, sem síðar var sameinuð Lánstrausti, undir nafni Creditinfo.



**RAKEL SVEINSDÓTTIR** Framkvæmdastjóri Spyr leggur mikla áherslu á skemmtilegt starfsumhverfi.

„Þá tók við mjög spennandi tími og það var mikil áskorun að leiða sameininguna því þessi vanskila- og fjárhagshluti sem fylgdi Lánstrausti var algjörlega nýr fyrir mér.“

Rakel er fædd í Stykkishólmi en eiginmaður hennar, Gylfi Freyr Konráðsson, girðingaverktaki og starfsmaður Stólpagáma, er frá Hellissandi. Þau eiga tvö börn, Jóhönnu sem er tíu ára og Má sem er sex ára. Að auki eru hundur og köttur á heimilinu.

„Við hjónin vinnum mikið en leggjum áherslu á að helgarnar

séu tileinkaðar fjölskyldunni. Annars erum við dugleg að ferðast, fara í útilegur, berjaferðir og ferðalög til útlanda. Ég er þó ekki jafn mikið fyrir hestamennsku og útivist og hinir þrír meðlimir fjölskyldunnar. En ég er mikill bókaormur og get á meðan lesið þeim mun fleiri bækur,“ segir Rakel.

Spurð hvort hún eigi fleiri áhugamál en bóklestur segir Rakel að hún sé einnig fréttá- og þjóðfélagsumræðufíkill. „Þess vegna á núverandi starf þeim mun betur við mig,“ segir Rakel.

## KRAFTMIKIL OG ÓSÉRHLÍFIN



**EGILL ÖRN JÓHANNSSON**, framkvæmdastjóri Forlagsins.



**HELGA MARGRÉT REYKDAL**, framkvæmdastjóri True North.



**JENSÍNA K. BØÐVARSDÓTTIR**, framkvæmdastjóri hjá Landsbankanum.

Ég kynntist Rakel fyrst þegar hún starfaði fyrir Morgunblaðið. Það er óhætt að segja að hún sé ótrúlega kraftmikil, útsjónarsöm og lífandi manneskja. Hvar sem ég hef séð til hennar í starfi, hvort sem er hjá Morgunblaðinu, Creditinfo eða í sprotafyrirtækinu Spyr, er hún sérlega drífandi og sér tækifæri sem jafnvel blasa ekki við hverjum sem er.

Rakel er frábær samstarfsmaður í hverju sem hún tekur sér fyrir hendur, því hún gengur af röggsemi í öll verk með jákvæðni og húmorinn að leiðarljósi. Ég kynntist Rakel í gegnum starf FKA þegar við tókum saman sæti í fræðslunefnd félagsins fyrir nokkrum árum. Þrátt fyrir að hún vilji helst einblína á það sem er skemmtilegt hikað Rakel ekki við að tækla það sem er erfið og fylgir því vel eftir.

Við Rakel kynntumst hjá Norðurljósum og höfum verið vinkonur síðan. Hún sýnir öllum í kringum sig áhuga, kann að samgledjast og er vinur vina sinna. Rakel hefur mikið keppnisþrá og ósérhlíf til vinnu, mjög einbeitt og tekst það sem hún ætlar sér. Hún er bógóð og hikað ekki við að taka að sér krefjandi verkefni. Rakel hefur mikinn sannfæringarkraft og tókst meðal annars að fá mig með sér til Marbella á Spáni með þriggja tíma fyrirvara. Sú ferð gleymist seint enda er gaman að vera þakkari með Rakel.

# Framtíð gagnanna er falin í skýinu

Margar lausnir standa þeim til boða sem vilja afrita og geyma ljósmyndir eða önnur gögn á netinu. Í skýinu má nú nálgast mikið geymslurými án endurgjalds. Sérfræðingur segir skýið mun öruggara en hefðbundnari aðferðir og að það muni brátt skáka hörðu diskunum.

## TÆKNI

Porgils Jónsson | thorgils@frettabladid.is

Síðustu misseri hefur tölvuheimurinn að miklu leyti snúist um „skýið“, það er að í stað þess að geyma gögn og vinna með þau á netþjónum eða hörðum diskum innan veggja fyrirtækja og heimila eru þau staðsett á miðlægum netþjónum.

Best þekktá þjónustan í þessum geira er sennilega Dropbox en risarnir Microsoft, Google og Apple eru einnig meðal þeirra sem bjóða upp á slíkar lausnir.

Ísland á sinn fulltrúa í skýjaheimum, sem er sprotafyrirtækið Greencloud. Tryggvi Lárusson, þróunarstjóri fyrirtækisins, segir að það hafi hingað til einbeitt sér að lausnum fyrir fyrirtæki en nú sé unnið að lausn í líkingu við þær sem um er getið hér að ofan.

Tryggvi að áherslan í þessum efnum sé að gera þessar lausnir auðveldari og öruggari fyrir notendur.

Hann segir aðspurður að óhætt sé að treysta því að geyma gögn á vefnum.

„Yfirleitt eru mjög sterkar öryggisvarnir byggðar í þessar lausnir og flestar verja þær sig gagnvart gagnatapi með því að geyma gögnin á fleiri stöðum en einum samtímis. Það er margfalt öruggara en að vera með allt á einum hörðum disk sem tengdur er við tölvuna. Svo er hraðinn að aukast og verðið á þjónustunni lækkar á hverju ári, þannig að í dag eru þær jafnvel orðnar ódýrari en að kaupa sér harðan disk.“

Varðandi framhaldið segist Tryggvi viss um að í fyllingu tímans muni skýið taka við af hörðum diskum. „Það er bara spurning um tíma.“

## GEYMSLURÝMI Á NETINU

FRÍTT GEYMSLURÝMI ■ 100 GB Í ÁSKRIFT ■

(\*) HÆGT AÐ AUKA VIÐ RÝMI MEÐ ÝMSUM LEIÐUM (+) ÓKEYPIS Í EITT ÁR EFTIR SKRÁNINGU

www.sugarsync.com → 5 GB → 99\$ á ári	www.dropbox.com → 2 GB* → 99€ á ári	www.icloud.com → 5 GB → 200\$ á ári	www.box.com → 10 GB → 48€ á ári
www.copy.com → 15 GB* → 99\$ á ári (250 GB)	skydrive.live.com → 7 GB → 50\$ á ári	www.surdoc.com → 100 GB*+ → 30\$ á ári	www.bitcasa.com → 10 GB → 99\$ á ári (ótakmarkað pláss)
drive.google.com → 15 GB* → 60\$ á ári			

Clean ahead

## Hako gólfþvottavélar og sópvélar

Skiptitilboð á ræstivögnum, gólfþvottavélum og sópvélum

Hakomatic B30 CL gólfþvottavél

Hakomatic B 115R gólfþvottavél

Hako Hamster 500E sópvél

Hako Jonas 980 E sópvél

**Rekstrarvörur**  
- vinna með þér

Réttarhálsi 2 • 110 Reykjavík  
Sími: 520 6666 • Fax: 520 6665  
sala@rv.is • www.rv.is

Hafðu samband við ráðgjafa eða sölumenn RV og fáðu tilboð í þá Hako vél sem hentar þér.

# ÞÚ VELUR LENGRI LEIÐINA HEIM

NÝR VOLVO XC60



Njóttu ferðarinnar til botns í einstakri hönnun og skandinavískum lúxus. Margverðlaunaða öryggiskerfið Borgaröryggi er staðalbúnaður í Volvo XC60. DSTC stöðugleikastýrikerfið leiðréttir mistök í akstri og CTC beygjuspólvörnir gerir þér kleyft að taka beygjur á meiri hraða, með aukinni mýkt og öruggar en áður. Veghæðin er heilir 23 cm undir lægsta punkt.

**HEIMILIÐ ER EKKI LENGUR ÞINN EINI GRÍÐARSTAÐUR. NÚ ER BÍLLINN ÞAÐ LÍKA.  
LIFðu Í LÚXUS - VELDU VOLVO.**



**VOLVO XC60 AWD  
VERÐ FRÁ 8.990.000 KR.  
VOLVO.IS**

**KOMDU OG SKOÐAÐU NÝJU VOLVO 60 LÍNUNA Í BRIMBORG Í DAG.  
UPPLIFÐU NÝJAN VOLVO XC60, VOLVO S60 OG VOLVO V60.  
OPIÐ VIRKA DAGA KL. 9-17 OG LAUGARDAGA KL. 12-16.**

Brimborg Reykjavík: Bildshöfða 6, sími 515 7000 | [volvo.is](http://volvo.is)

Volvo XC60 AWD, D4 dísil, 20 ventlar, 5 strokkar, 163 hö, tog 420 Nm, sjálfstjór. Eldsneytisnotkun í blönduðum akstri 6,8 l/100 km. CO<sub>2</sub> 179 g/km. Brimborg og Volvo áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara. Útbúnaður og gerð getur verið frábrugðin mynd í auglýsingu.



## Hin hliðin



GUÐRÚN  
HÖGNADÓTTIR

### Er ekki kominn tími til að tengjast?

Spríklandi fersk eftir líkamlega, andlega og félagslega endurhæfingu í faðmi 95 vinkvenna í Barcelona um síðustu helgi varð mér hugsað til þess hversu vanmetinn máttur nærvera er. Hvernig sköpum við tóm til að leysa úr læðingi þá samlegð sem verður til þegar fólk kemur saman – til að hlusta, læra, skapa og styðja hvert annað? Hvernig hlöðum við batteríin þegar meðalvinnuvika íslenskra stjórnenda er 55 klukkustundir samkvæmt stjórnendakönnun VR? Næring, hreyfing og hvíld eru álitnir klassískir orkugjafar, en samkvæmt nýlegum rannsóknum taugasálfræðinga er tenging (e. connection) ein áhrifamesta leiðin til að endurnýja orkubirgðir okkar og auka lífsgæði og er heilanum okkar lífsnauðsynleg.

#### Orka hugans kjarni lífsins


Aristóteles sagði að orka hugans væri kjarni lífsins – í lífsspeki Hávamála kemur fram að í félagsskap annarra liggja hamingjan og tilgangurinn. Samkvæmt rannsóknum Franklin Covey er tenging ein af fimm mikilvægustu leiðunum til að brenna ekki út og eykur til muna framleiðni vinnustaða. Einn áhrifamesti starfsánægjuþátturinn skv. Gallup er hvort við eigum „góðan vin í vinnunni“.

#### Leiðir til að auka ánægju

Tækifæri til umbóta liggja fyrst og fremst í að breyta viðhorfum okkar og skipulagi og uppskera sem aldrei fyrr með aga, forgangsröðun og gleði. Hér koma nokkrar einfaldar leiðir til að auka framleiðni og ánægju sem munu ekki beygla budduna.

- Taktu frá a.m.k. tvær klukkustundir vikulega til að tengjast öðrum án allra hagsmuna. Exedra, Leiðtoga-Auður, Rótarý, Ljósíð, Stjórnvísi, foreldrahópar og badmintonkvöld eru allt dæmi um vettvang sem hafa þjónað mér vel í gegnum árin.
- Breyttu viðhorfi þínu. Samvera er ekki lúxus sem maður afneitar. Samvera er lífsnauðsynlegur orkugjafi sem mun endurspeglast í þjóðarframleiðslu og lífsgæðum. Settu samverustundir í forgang – t.d. geta sunnudagskvöldverðir í faðmi stórfjölskyldunnar verið uppspretta framúrskarandi næringar inn í vinnuvíkuna.
- LinkedIn og Facebook eru mikilvæg samskiptatorg. En ekkert kemur í stað alvöru samveru – þar sem við finnum að einhver er virkilega til staðar, veitir okkur óskipta athygli, skorar á okkur og skilur. Kippstu vini með þér í hundalabbtúrinn eftir vinnu eða taktu vinnufundinn gangandi úti – það jafnast ekkert á við að labba og rabba.
- Búðu til sjóð opinna spurninga til að koma samtalinu af stað. „Hvað færir þér mesta gleði?“ „Af hverju í síðustu viku ert þú stoltust(astur)?“ „Hvar sérðu sjálfa(n) þig eftir fimm ár?“ „Hvernig samfélag er Ísland í fullkomnum heimi?“ Geðorðin tíu minna okkur á að „reyna að skilja og hvetja aðra í kringum þig“.
- Lærðu aftur að hlusta. Notaðu þögnina, ekki þykjast hlusta á meðan þú ert að búa til þitt eigið svar í huganum. Vertu bara til staðar. Samkvæmt kínverskri speki er æðsta gjöfin sem þú gefur nokkrum manni skilningsrík hlustun.

Bitlarnir skoruðu á okkur að koma saman. „Come together right now“ – og höldum áfram að hlúa að velferð þjóðar.



NEW ALBUM

THE STORY OF LIGHT  
IN STORES & ONLINE NOW

FÖSTUDAGINN 11. OKTÓBER  
SILFURBERGI HÖRPU KL. 20:00  
MIDI.IS, HARPA.IS OG Í SÍMA 528 50 50

@STEVEVAI /STEVEVAI VIP MIÐAR Í SÖLU Á VAI.COM

S A F T

KOMDU UPPLÝSINGUM UM ÞAÐ SEM ÞÚ  
TELUR ÓLÖGLEGT EFNI Á NETINU TIL  
RÉTTRA YFIRVALDA

Heimili og skóli

www.saft.is